



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir veitingastað; veitingahús (Biang Reykjavík) að Tryggvagötu 13, F2356207, rými 01 0102.

Nafn leyfishafa: Biang Tryggvagötu ehf.

Heimilisfang: Suðurlandsbraut 4c

Póstnúmer: 108

Kennitala: 551215-0670

Útgáfudagur leyfis: 11. júlí 2025

Gildir til: 11. júlí 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skýlt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 11. júlí 2025





Greinargerð með starfsleyfi fyrir veitingahúsið Biang að Tryggvagötu 13.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur auglýsti drög að starfsleyfi fyrir veitingastað; tegund veitingahús, Biang Reykjavík að Tryggvagötu 13 þann 12. júní sl. ásamt eftirtöldum gögnum: Umsókn um starfsleyfi, Drögum að starfsleyfi, Starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði, Rekstrarleyfisumsókn sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu og Jákvæðri umsögn byggingarfulltrúa um að húsnæði og fyrirhuguð starfsemi veitingastaðarins séu í samræmi við byggingarreglugerð og skipulag.

Frestur til að koma með skriflegar athugasemdir var til 10. júlí 2025. Umsækjandi um starfsleyfi er Biang Tryggvagötu ehf., kt. 551215-0670.

Engar athugasemdir bárust vegna fyrirhugaðs rekstrar veitingahúss að Tryggvagötu 13.

Umsókn Biang Tryggvagötu ehf., kt. 500102-3060, dags. 22. apríl 2025, að loknu auglýsingaferli, var lögð fyrir 1845. afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 11. júlí 2025, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús (Biang Reykjavík) að Tryggvagötu 13, F2356207, rými 010102. Ný starfsemi. Samþykkt var að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði.*

Reykjavík, 15. júlí 2025.